

**Nd.** **666. Nefndarálit** [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið til viðtals skattrannsóknarstjóra svo og fulltrúa Verslunarráðs Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson,  
form.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr., frsm.  
Guðrún Hallgrímsdóttir.

Sighvatur Björgvinsson,

## Fylgiskjal.

Sighvatur Björgvinsson undirritar nefndarálitid með svofelldum fyrirvara:

Sú tekjuöflunaraðferð að innheimta háan söluskatt á síðasta stigi viðskipta með þeim hætti, sem gildandi lög gera ráð fyrir, er gengin sér til húðar. Meginástæðurnar eru tvær: Sú fyrri, að hin fjölmörgu undantekningartilvik, sem gefin eru í lögnum, gera alla framkvæmd laganna ákaflega ruglingslega og eftirlit erfitt. Sú síðari, að álagsprósenta skattsins er orðin svo há og skiptir svo miklu máli í viðskiptum aðila, að það getur verið mikið fjárhagslegt hagsmunamál kaupanda og seljanda að viðskipti þeirra séu ekki skráð, söluskattur sé ekki greiddur og um frekari undanbrögð frá skattheimtu sé samið. Þar að auki hafa uppsöfnunaráhrif skattsins slæm áhrif á atvinnulífið í landinu og rýra samkeppnisstöðu margra atvinnugreina gagnvart innflutningi.

Hætt er við, að þegar svo er í pottinn búið sem að framan greinir hafi það litla raunhæfa þýðingu að herða viðurlög og auka hefðbundið opinbert eftirlit til þess að bæta skil á skatti sem byggist á svo gölluðu kerfi, enda hefur reynsla grannþjóðanna ótvírætt tekið af allan vafa í því sambandi. Mun raunhæfari og heilladrýgri aðferð er að breyta innheimtu- og álagningarkerfinu sjálfu — hverfa frá innheimtu söluskatts á síðasta stigi viðskipta, en taka þess í stað upp svokallaðan virðisaukaskatt. Sú er stefna Alþýðuflokksins.

Á hans vegum lagði undirritaður fram á Alþingi haustið 1979 tillögur um virðisaukaskatt í stað söluskatts (88. mál 102. löggjafarþings), en málið hlaut ekki afgreiðslu. Reynsla undanfarinna ára staðfestir hins vegar í síauknum mæli nauðsyn slíkrar breytingar, og ítreka ég þá stefnu Alþýðuflokksins, að raunhæfasta leiðin til að bæta söluskattsskilin og eyða mikilvægustu ágöllum hans er slík breyting yfir í virðisaukaskattkerfi, miklu fremur en þau úrræði sem frv. gerir ráð fyrir.

Sú kerfisbreyting er hins vegar ekki á dagskrá nú og tillögur Alþýðuflokksins þar um hafa ekki fengist afgreiddar. Þrátt fyrir það vil ég ekki standa í vegi fyrir þeim tilraunum til þess að bæta skil og eftirlit með skattinum í núverandi mynd, sem frv. gerir ráð fyrir, og mun því ljá frv. samþykki mitt þótt ég hafi ekki mikla von um að árangurinn geti orðið mikill.